



Er unnt að stöðva verðbólguna?

---

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360

*Ræður og greinar 1929-1964*

Askja 4-1, Örk 6

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ER UNNT AD STÖÐVA VERÐBÓLGUNA.

Góðir fulltrúar, koður og karlar.

Við í ríkisstjórninni Sjálfstæðisflokknum

á Alþingi gerum okkur að sjálfsögðu grein fyrir því, að fjnsum hefur þótt við vera helst til athafnalitlir á undanförunum mánuðum gegn þeim voða, sem að setðjar íslensku efnahagslíffi. Ég skal ekki fara að rekja orsakir þessara vandvæða, en öll vitum við, að á síðasta ári urðu mjög miklar kaupþekkaðir. Talað hefur verið um, að almenn verkamaðakaup í landinu hafi í þessum kaupþekkuðum samtals þekkað um hár um bil 30%. Þetta segir þó ekki alla söguna, vegna þess að fjnsir flokkar og rauðar ekki síst þeir, sem lægst eru launaðir þekkuðu, þegar öll kurl koma til grafar, tölvert meira en þessum tölum menur. Þannig er á það að líta, að kvennaðakaup þekkaði meira heldur en almenn karlmaðakaup vegna laganna um jöfnun á kaupgjaldi karla og kvenna, en þau ganga í gildi á nokkurra ára bili, ef svo má segja og á s.l. ári og nú um áramótin var einmitt ein slík þekkuð. Þá er einnig svo, að kaup iðjumaðna, þar er að vísu margt kvenfólk, sem hant þessarar þekkuðar, en þar var einnig gert ráð fyrir starfsnati, sem í undirbúningi mun vera og nokkrar tilfærslur, sem hafa áhrif launþegun til góðs, en að vísu í því tilfelli einnig að þekkuð leyti atvinnurekendum. Og um hið almenna verkamaðakaup, sem oftast er til vitnað, þá er það að vísu svo, að lægsti flokkur dagsbrúðarsanna þekkaði einungis um áramótin eða til á ramótanna um 15%, sem gerði nær 30% kaupþekkuð, þegar litnið er á allt árið. En auk þess voru verulegar tilfærslur í flokkum, einmitt innan dagsbrúðar, þannig að lægsti flokkurinn þar er orðinn tiltölulega fámennur miðað við það sem áður var og mikill fjöldi

Dagsbróðarmanna fékk á árinu verulega meiri hækku<sup>sem</sup>, heldur en þessum almennu tölum menur.

Nú er deilt um það, hverjum þetta sé að kenna hvort verðslag hafi hér farið á undan eða eftir. Ég skal ekki fara að deila um það á þessu stigi, það mundi taka allt of langan tíma, en óhaggalegt er, að hér er um víxláhrif að ræða. Kauphækkaðir hafa óhjákvæmilega í för með sér hækkaði verðslag og hækkaði verðslag kynnir fram kauphækkaðir. Svo það er að vissu leyti deila um keisara's skegg, hvort hér sé fyrst og fremst um að kenna hækkaði verðslagi, vöruverðslagi eða hækkaði kaupi, niðurstaðan fyrir efnahagslíf þjóðarinnar er hin sama. En þó segja þeir menn, sem þess eru kunnugastir, að verðslags- hækkaðir hafi yfirleitt farið á eftir kauphækkuðum. Hitt er svo annað mál, að þegar kauphækkaðir verða jafn miklar, eins og urðu á s.l. ári, þá er óhjákvæmi- legt, að allt verðslagskerfið hlýtur að verða tekið til endurskoðunar. Það hafði tekist, þó við mjög vaxandi óáægju smákaupmanna og rauðar allrar verzlunarstéttarinnar, jafnt samvinnuverzlunar sem frjálsrar verzlunar að halda niðri álagningu í verzluninni. Eftir að hinar miklu breytingar urðu, sem fengu síðan staðfestingu með kjaradómi verzlunarmanna sennu á þessu ári, þá var óhjákvæmilegt, að allar þessar reglur varð að taka upp til endur- skoðunar og það var ekki gert fyrst og fremst, eða eingöngu, vegna verzlunarmannanna sjálfra, kaupmann- anna, heldur vegna þess, að óhrekjandi gögn sýndu fram á, að það var ekki lengur hægt að reka verzlun með þeim hetti, sem gert hafði verið. Þessi álagning varð að hækka og úr því breyting var á gerð, þá var eðlilegt, að reglurnar væru teknar á upp til heildar- endurskoðunar, að nokkuð yrði leiðrétt það, sem ómeitanlega á undanförunum ~~átt~~ misserum og árum hafði

verið hallað á kaupmannastéttina. Eins var það vitað mál og þegar víst við samþingssgerðina, að ekki aðeins kaupmenn heituðu að semja, nema því aðeins að þeir fengju fyrirheit um slíka allsherjar-eðdurskoðun, þó að þeim ~~þá~~<sup>veri</sup> ekki lofað um hver niðurstaða heðnar skyldi verða, þá varð einnig að gefa sams konar ~~þ~~ yfirlýsingar til iðnrekenda.

Þeir höfðu ekki fengist til þess að semja á s.l. ári, ef ekki hefði verið tryggt, að álagningarreglur hjá þeim yrðu einnig teknar upp til eðdurskoðunar.

Með hina opiðberu embættismenn, sem fengu mjög verulega hækkun á a.l. ári, hækkun sem ýkjulaust, án þess að ég finni á nokkurhátt að þeim kjaradómi, sem upp var kveðinn á niðju sumri s.l., leiddi eögu að síður til þess að skapa mjög mikinn óróða, sem gerði að verkun, af erfiðara var en ella og samnast sagt pólitískt ó mögulegt að standa á móti þeim hækkunum, sem í desember urðu. Það var ljóst, að ríkið gat ekki staðið undir þessum hækkunum, nema því aðeins að það fengi til þess tekjur. Það var hægt að standa undir þeim útgjöldum án nýrra skatta, ef annað bottist ekki við. En þegar fleira kom til, vegna úrsalita deilanna í desember, þá var óhjákvæmilegt að hækka söluskattinn. Hann fór að sumu leyti til þess að greiða aukin útgjöld vegna almannatrygginga, sem urðu að fylgja hinum almennu kauphækkunum, sumpart til að greiða þá styrki, sem útgerðinni varð að veita, til þess að hægt væri að leiða þessar deilur til lykta. Ef fjár hefði ekki verið aflað í því skyni, var vitað mál, að ekki var hægt að koma eðnum saman og það má segja að sé orðaleikur, hvort við segjum að hið nýja fé hafi þarna farið einöngu til þess að borga þau útgjöld, sem sérstaklega voru talið fram, þegar söluskatturinn var álagður. Að nokkru leyti fóru þau auðvitað einnig til þess að borga hinum opiðberu

starfsmönnum, því að ef ekki hefðu komið stórkostleg útgjöld á ríkissjóð þeirra vegna, hefði ríkissjóður staðið sig þeim mun betur, er hægt að verja afgangsfé sem nú var ekki fyrir hendi, til þess að standa undir þessari óhjákvæmilegu fjárveitingu til atvinnuveganna. Þá var það einnig víst, og fyrirfram útreiknað, að afurðaverð til bænda hlaut að hækka vegna þessara kauphækkaða, hafði stórlega hækkað haustið 1963, en hlaut einnig að hækka vegna kauphækkaðanna í desember, sumpart og þegar í stað vegna aukins tilkostnaðar við sölu og flutning bændaafurða, en ekki síst og aðallega vegna þess að eftir gildaandi landslögum þá áttu bændur rétt á því að fá sitt kaup hækkað, eins og það er talið í/hlutfalli við kauphækkaðir til tiltekiðna annarra stétta. Margt af þessum hækkuðum var hægt að reikna út fyrir fram og við gengum mjög á eftir fulltrúum aðila um að taka þátt í þeim útreikningi með okkur. Um samt skal játa, að hækkaðirnar urðu nokkru meiri, heldur en menn höfðu gert ráð fyrir, en þá vegna þess, eins og ég þegar sagði, að verið var að leiðrétta halla, sem þegar áður var á kominn og óhjákvæmilegt var, að tekið yrði upp til endurákoðunar úr því að grundvallarbreytingar hvort eð er þurfti að gera á. Ennfremur má þess geta, að farngjöld hafa nokkuð hækkað vegna breyttra reglna eða aukins frjálsmæðis sem skipafélag hafa fengið, en þar lá það við, eins og með aðrar stéttir, að ef breyting var ekki á gerð þá hlaut það að leita til fjárhagslegrar glötuðar t.d. eins og fyrir fyrirtæki eins og Símskipafélag Íslands og hver er sá sem í rauð og veru heldur því fram, að það væri íslenskum þjóðinni til gagns, ef slíkt félag yrði sett í verulega fjárhagslega öruggleika eða laðgvaraðni taprekstur.

Allar voru þessar hækkaðir, sem nú hafa bitnað

á almenningi, eins og ég segi fyrirfram meira og minna fyrirsjáanlegar og hægt að gera sér grein fyrir þeim í stórum dráttum, þó að ekki væru öll einstöök atriði fyrirsjáanleg strax í upphafi. En þróunin var útreiknaðleg, hún er sú sama, sem hefur verið undanfarið ár, en hækkanirnar hlutu að vera þeim mun meiri en hingað til hafa þekkt, þar sem kauphækkanirnar á einu ári urðu meiri, sem sagt að minnsta kosti 30% og í mörgum tilfellum meira en 30% á þessu eins árs bili.

Okkur var strax ljóst, að þetta hlyti að bitna illa á öllum almenningi, en þó skal játa, að ef til vill voru okkar þyngstu áhyggjur ekki fyrst og fremst af þeim sökum, við vissum að hér var um óraunhæfa kauphækkun að ræða, sem gæti ekki komið fólk nema að litlu leyti að gagni og marg sögðum þetta fyrir. Kvíði okkar var því meiri af öðrum ástæðum, sem sagt um það, að okkar efnahagskerfi mundi ekki þola það mikla álag, sem með þessu skapaðist, þá auknu, fólsku kaupgetu, sem þannig væri veitt út að meðal þjóðarinnar unfrán aukningu á raunverulegum þjóðartekjum. Og við höfðum strax fyfirvara á um það, að þegar kemi fram á vorið og þegar við smjum betur hver þróun yrði, annars vegar, hver hún yrði varðandi afstöðu þjóðarsheldarinnar út á við og hins vegar á kjör almennings, þá mundum við sannilega meýðast til þess að bera fram tillögur eða gera ráðstafanir til að beta úr til nokkru meiri x frambúðar þeim vandræðum, sem eftir hafði verið til og við viðurkenndum, að okkar löggjöf í janúarlok um söluskattinn og styrk til útgerðarinnar og annað fleira væri einungis hrein bráðabirgðarást<sup>as</sup>öfun, til þess að afla sér nokkurs tíma til á átta sig á framvinduinni.

Það var því ekki vegna þess að við létum þróunina áhyggjulaust fram hjá okkur fara eða sinnum ekki þessum málmum, að við höfum ekki afhafst á þessum mánuðum, sem ~~xifur~~ síða eru liðnir, heldur vegna þess, að við töldum óhjákvæmilegt að bíða og sjá hvað setti, eins og ég segi, hvernig afstaðan yrði út á við, hvort við leutum þar í yfirvofandi vandræðum, vegna þess að skjótlega gengi á gjaldeyrissjóði þjóðarinnar og að vandræðin innanna lands ef til vill leiddu til atvinnu-  
stöðvunar. Því er ekki að leynd, að margir, mjög margir, töldu um áramótið og í janúar, að þegar komi fram á vorið mundi þurfa að gríða til mjög róttökra ráðstafa og þá var aðallega talað um tveitt, annars vegar að gera ráðstafarnir til að lækka allt kaup og verðlag í landinu, hins vegar að lækka gengið til þess á þann veg að hjálpa atvinnuvegunum, útflutningsatvinnuvegunum og forða frá því að gjaldeyrissjóðirnir eyddust upp á skammri stundu. Ennfremur þá töldum við sjálfsagt óhjákvæmilegt að bíða eftir tveinu, annars vegar úrslitunum í kjaradómi verzlunarmanna og þar með ákvörðun um hver verzlunarálagningin skyldi verða og síðan kjaradómi opinberra starfsmanna. Það er rétt að taka það skýrt fram, sem þó þarf ekki að gera í þessum hóp, að á hvoruga þessa ákvörðun hafði ríkisstjórnin né gat ríkisstjórnin eðli sínu samkvæmthæft nokkur áhrif. Þarna réðu um sjálfstæðir aðilar, sem vitnalega taka ekki við einni skipun, ekki einu sinni leiðbeiningu, frá ríkisstjórn hver sem hún er. Þau mundu að sjálfsögðu telja það órættmæta íhlutun, beina málsgöngu og lítilsvirðingu, ef ríkisstjórnin leitaðist við að hafa áhrif á þeirra gerðir. En það er víst að sérstaklega kjaradómurinn, sem kveðinn var upp nú fyrir liðlega mánuði um viðbótarkröfur opinberra starfsmanna hafði mjög mikil áhrif. Þar

var því slegið föstu, að einn og efnahagsástand landsins væri, þá væri ekki efni á né ástæða til þess að hækka kaup hinna opiðberu starfsmanna enn á ný. Það er athyglisvert, að ýmsir þeirra, sem í haust og vetur höfðu hest um það, að allir <sup>aðrir</sup> yrðu þá að fá hækkaðir til samræmis við opiðbera starfsmenn hafa nú eftir á síðast jafnvel nú l. naf, þóx aðeins lítillega, haldi því fram, að opiðberir starfsmenn hefðu orðið fyrir ranglæti við uppkvaðning þessa kjaradóms. Það er ekki mitt hlutverk að fara að verja hann, ég hygg að almenningsálit segi hiklaust til um, að hann hafi verið eðlilegur, að allir séu í ræun og veru, einnig meirihluti hinna opiðberu starfsmenn sjálfir samþála um, að efnahagsástæður þjóðarinnar séu ekki slíkar nú að þær hefðu þolað nýja hækkuðaröldu, sem hlaut að rísa ef hinir opiðberu starfsmenn hefðu nú fengið nýja hækkuð. Ég hygg að meirihluti kjaradóms hafi verið í fullu samræmi við þá almennings skoðun, að hinir opiðberu starfsmenn hafi þegar á s.l. sunni fengið svo ríflega hækkuð og hækkaðirnar í desember hafi verið í svo nánu samhengi við og beið afleiðing þeirra hækkaða, að mjög hefði verið óeðlilegt, ef þeir hefðu nú enn á ný átt að fá nýja hækkuð, sem leitt hefði til þess, að allir aðrir hefðu tekið að bera sig sama við þá og heimitað sinn hlut bætta í ekki minna mæli, en þessir menn fengu.

En hvað sem um það er, þá er eðlilegt, óhjákvæmilegt, að ríkisstjórnin og Alþingi dokaði við og smí hvað í þessu verða vildi, vegna þess að vissulega hefði hér skapast alveg nýtt vaðdræðamál og erfiðleikar, ef við við kröfu hinna opiðberru starfsmanna hefði orðið. Þá lét ég mér ekki til hugar koma, að hægt hefði verið að gera það, sem nú standa vorir til, að geðgið geti, ef menn vilja kunna fótum sínum forráð að stöðva sig



á hækku<sup>nn</sup>arbrauti<sup>nni</sup>, bæði hækku<sup>nn</sup>arbræut kaup<sup>s</sup> og verðslags.

Það á<sup>nn</sup>ægjulega hefur sem sagt komið í ljós, að umfram það sem ve<sup>nn</sup>ir allra stöðu til fyrir áramóti<sup>n</sup>, þá hefur aðstaða<sup>n</sup> út á við rey<sup>nn</sup>at mu<sup>n</sup> sterkari e<sup>n</sup> búist var við. Það hefur ekki að nei<sup>nn</sup>u ráði verið ge<sup>nn</sup>gið á gjaldreyrissjóði<sup>na</sup>. Þetta kemur sumpart vegna þess, að útkoma ársins 1963 er se<sup>nn</sup>ilega mu<sup>n</sup> betri, heldur e<sup>n</sup> me<sup>nn</sup> höfðu búist við, þó um það séu ekki öll gög<sup>n</sup> komi<sup>n</sup> til grafar e<sup>nn</sup> og þær ráðstafa<sup>nir</sup> sem þegar í s.l. september og rau<sup>nn</sup>ar sumar þokkru áður voru gerðar, til þess að draga úr pe<sup>nn</sup>slu hafa haft meiri áhrif, heldur e<sup>n</sup> me<sup>nn</sup> þөрðu að gera ráð fyrir. Þa<sup>nn</sup>ig að með þessu móti voru sköpuð skilyrði til meiri stöðugleika í e<sup>nn</sup>ahagslífi<sup>nnu</sup>, heldur e<sup>n</sup> me<sup>nn</sup> hugðu í haust að mu<sup>n</sup>du svo skjótlega skapast á ný. Þessu til viðbótar kemur svo það, sem við skulum s<sup>nn</sup>at af öllu lítið úr gera, heldur öll vera þáklát fyrir, að í heild hefur afkoma þessa árs hingað til verið mjög góð, aflabrögð betri e<sup>n</sup> þokkru sinni áður hjá verulegum hluta fiskiskipaflota<sup>s</sup> og þjósi<sup>nn</sup>ka í heild búið við óve<sup>nn</sup>julega . Þetta léttir að sjálfsögðu laus<sup>n</sup> þeirra viðfa<sup>nn</sup>gsef<sup>na</sup>, sem við er að etja og þegar allt þetta kemur sama<sup>n</sup>, þá er það nú nat þeirra fróðustu ma<sup>nn</sup>a, sem ég hygg að ekki verði h<sup>nn</sup>ekkt með rökum, að ku<sup>nn</sup>ni me<sup>nn</sup> nú hóf í sinni kröfu-gerð, þá eigi að vera h<sup>nn</sup>gt að skapa n<sup>nn</sup>tt tímabil stöðugleika og verðfestinga<sup>r</sup> og þar með velsældar í la<sup>nn</sup>di<sup>nnu</sup>. Að hvorki þurfi, ei<sup>nn</sup>s og við höfum óttast að gera yrði og við neyddustum til að gera á þessu vori, að setja lögb<sup>nn</sup>ngu<sup>n</sup> til lækku<sup>nn</sup>arkaupi, nú heldur þurfi ge<sup>nn</sup>gislækku<sup>n</sup> til að kona. Ef svo fram heldur sem nú horfir um hi<sup>nn</sup>ar ytri aðstæður, þá tel ég að þessar neyddarráðstafa<sup>nir</sup> séu báðar úr sögu<sup>nni</sup>. En það er alveg rétt, að þið gerið ykkur ljóst, að það

er ekki fyrr en nú á allra síðustu vikum, sem þetta liggur samilega ljóst fyrir. Það er ekkert nema þróun mála<sup>na</sup>, svo hagstæð sem hún að fnsu leyti hefur, sem þetta gerir mögulegt. Og það má áreiðanlega ekki á nikið bjáta, til þess að þessar veirir fari út um þúfur og við þurfum aftur að horfa með kvíða fram á slíkar heyrarráðstafa<sup>ir</sup>, sem við þóttustum þurfa að vera við bú<sup>ir</sup> á fyrstu mánuðum þessa árs.

Að sjálfsögðu höfum við haft öll þessi mál til stöðugrar athugu<sup>nar</sup> og að ~~þ~~ sjálfsögðu höfum við verið í nánu samstarfi og heyrt hljóðið í og haft samráð við okkar forystume<sup>nn</sup> inna<sup>n</sup> launþegasamtaka<sup>na</sup>, þá séfstaklega okkar forystume<sup>nn</sup> í verkalfðsifélögu<sup>num</sup> hér í bæ<sup>num</sup>, þar sem Sjálfstæðisame<sup>nn</sup> eru í forystu og eins veit ég að Alþýðuflokksme<sup>nn</sup> hafa gert við sína félagi. Þá er ekki því að neita, að við höfum haft nokkurt veður af því hvaða bollaleggi<sup>ngar</sup> æ væru uppi meðal ráðama<sup>na</sup> í Alþýðusambandi<sup>nu</sup> og höfðum haft um það nokkur<sup>n</sup> grun<sup>n</sup>, við hverju væri þaðan að búast áður en áskoru<sup>n</sup> Alþýðusambandsi<sup>ns</sup> barst til okkar um viðræður við ríkisstjórn<sup>ina</sup> til stöðvu<sup>nar</sup> verðbólgu.

Nú má vel vera, að sumum ykkar finnist að við hefðum þarna átt að hafa frumkvæði og sjálfir bera fram okkar tillögur, lá ta ekki á okkur standa, um slíkt mál e<sup>nd</sup>alaust deilað, en mitt viðhorf hefur verið það, að það væri nógu erfitt að reyna að koma hér sama<sup>n</sup> e<sup>nd</sup>un, þó að fnsir þeir, sem áður hafa verið mjög hvetjandi til átaka getu nú tilei<sup>nkað</sup> sér, ef þeir hafa löngu<sup>n</sup> til, að þeir hafi átt upptök að

því

því, að eftir skynsælgum leiðum er leitað. Ég tel, að það skipti okkur ekki öllu máli hverjir það eru, sem þakka sér á hverjum tíma þau skref, sem stigin eru, heldur hitt, að þau leiði til góðs og að lokum takist að ná því, sem við sækjumst eftir. Að með því verði okkar vegur mestur áður en yfir líkur og með því skapist helst líkur til þess að ná heillavenlegum árangri.

Nú veit ég, að sumir menn segja: það er þýðingarlaust að vera að tala um þessa menn. Það er svo oft búið áður að sýna sig, að fyrir þeim vakir ekki neitt annað en baráttu, að skapa sjálfum sér vígstöðu, að fá aðstöðu til þess að kenna öðrum um, í þessu tilfalli ríkisstjórninni, Alþingi, þeim flokkum, sem stjórnarflokkunum fylgja, um að illa fari. Og það er vitnað til ummæla Hannibals Valdemarssonar í Borgarnesi, eftir að kosningaúrslitin síðustu voru kunn, það er vitnað til þeirrar kröfugerðar í desember og ótal margs annars, sem óþarft er að rekja.

Ég skal ekkert um það segja, hvort líkur séu til þess að þessir aðilar hafi nú skipt um skoðun og séu orðnir sannfærðir um, að það sé öllum til hags að stöðva verðbólguna, en ég vil fullyrða, að það eru svo augljósir þjóðarhagsmunir, sem af þessu eru, og þá ekki sízt hagsmunir hinna lakaast stæðu í þjóðfélaginu, að það væri fullkomið glapræði að gera ekki ráð fyrir því, að þeir menn, sem sérstaks trausts njóta, einmitt hjá hinum verst settu, smjú þetta jafnvel og aðrir. Því að þó að við deilum við þessa menn, séum þeim ósammála

í höfuðatriðum, þá vilja þeir auðvitað sínum skjólstaðingum á sinn veg vel og mundu ekki til frambóðar njóta þeirra traust, nema því aðeins að þeir gætu þó haldið áfram að telja þeim trú um, að þeir væru að berjast fyrir hagsmunum þessa lægst launaða og verst setta fólks. En um áhrif verðbólgunnar má margt segja. Eitt er þó e.t.v. skýrast af öllu, að hún er öðru fremur til þess löguð að auka á ójafnvægi í þjóðfélaginu, að skapa vaxandi mun á ríkum og fátækum. Eg veit raunar, að margir halda, að það sé eina ráðið fyrir þá til þess að eignast íbúðir, skulum við segja, og önnur slík verðmeti, að verðbólga ~~þa~~ haldi áfram að vaxa. Það má vel vera, að verðbólga sé betri, og ég tel það tvímælalaust, að verðbólga er betri heldur en sú peningakreppa, sem var hér á árunum milli 1930 og 1940, að ef um það tvennt er að velja, að verðbólga sé eða atvinnuleysi. Þá er tvímælalaust verðbólga að vissu marki ólíkt skaðminni heldur en atvinnuleysi. En þá er á það að líta, að verðbólgan má ekki dafna ýkjamikil til þess að hún hafi í för með sér mikla hættu á atvinnuleysi. Á því, að atvinnugreinar stöðvist, á því, að við, sem öllum öðrum fremur erum háðir útflutningi okkar afurða, hættum að vera sankeppnisfærir. Þess vegna er hér mikil hættu einmitt fyrir þá, sem allt eiga undir stöðugri atvinnu, að koma í veg fyrir varanlega og vaxandi verðbólgu. Auk þess er það alveg greinilegt, að ef ekki tekst nú að stöðva verðbólgu, þannig að menn neyðist fyrir eða síðar til annars hvers þeirra dræða,

sem ég gat áðan um, að við óttuðumst um, að við myndum þurfa að beita á þessu vori, annað hvort lögþvingaðrar kauplökkunar eða gengis-  
lökkunar, að hvorugt þessara úrræða mundi verða þolað af öllum almenningi, svo oft sem þurft hefir að grípa áður, nema því aðeins að enn einu sinni færi upp allsherjar mat á eignum og komið væri í veg fyrir óeðlilegan verðbólgu-  
gróða, annað hvort með einfaldri löghækkun á skuldum, í samræmi við það, að peningar verða minna virði, eða allsherjar eignakönnun, stóreignaskatt, eða hvað það er nú kallað, allt, sem við þekkjum frá fyrri árum. ~~§§~~

Ég hygg, að flestir sjái, að flest þau úrræði, ~~sem geta verið réttlætunleg,~~ óhjákvæmileg undir vissum kringumstæðum, horfa engum til góða, og þess vegna sé það mjög mikil skamsýni, sem við þó skulum hafa einurð til að játa, að alltof margir eru haldnir, að trúa því, að þeir í raun og veru græði á verðbólgunni. Hún er það mein, sem þjóðin þarf og verður að forðast, ef ekki á að blasa og yfir skellaatvinnuleysi, með þeim neyðarráðstöfunum, sem ég hefi nóg samlega fyrr á drepistö.

Ég segix það því sem mína skoðun. alveg án tillits þess, hvað ég legg upp úr sanþykktum, sem gerðar eru eða viðtölum, sem ég hefi átt við einstaka foringja verkalýðsfélaganna, launþega vinnuveitenda og annarra slíkra, að ég tel, að menn hafi nú svo augljóslega sameiginlega hagsmuna að gæta, að stinga við fótum, að segja hingað og ekki lengra, að við verðum í lengstu lög að trúa því, eða a.m.k. að gera allt, sem í okkar valdi stendur til þess að koma á sankomulagi um að stöðvað verði á þessari

ófarnaðarbraut. Þess vegna megi lögfesting eða lögþvingun ekki koma til meðan reynt er til þraustar og af fullri alvöru og einlægni að koma á sankomulagi, sem allir geti eftir atvikum fellt sig við, þó að vitanlega verði um það, eins og ætíð, þegar margir aðilar semji, að enginn nær fram öllu sínu.

Og þá skal ég játa, að það er eitt meginatriði, sem ég tel eftir atvikum eðlilegt, að verkafýðurinn og launþegar nú leggi mikla áherslu á og það er að fá fram verðtryggingu á kaupum, sem nú er kallað, eða vísitölubindingu. Viðurkenning á slíku má segja að sé ósigur fyrir núverandi ríkisstjórn. Við beittum okkur fyrir því og töldum það mjög mikilsvert í upphafi okkar stjórnartíðar að fá numið úr lögum reglurnar um vísitölubindingu og kaups og bönnuðum hana beinlínis með lagafyrirmæli. En þá hafði það tíðkast lengi, að stöðugt átti sér stað á víxl grunnkaupshækkunir, oft miklu meiri en góðu hófi gegndi og svo hækkunir vegna vísitöluhækkunar, vegna verðtryggingar kaupsins. Það er greinilegt, að óhóflugar grunnkaupshækkunir, samfara vísitölubindingu, hljóta að enda í ófarnaði, eins og líka raunin varð á á dögum vinstri stjórnarinnar, þegar hún gafst upp, ekki að ástaðulausu, heldur vegna þess, að í fullkomið óefni var komið. Það var því á þeim tíma eðlilegt og rökrétt, að vísitölubindingin væri afnumin. Nú hefir aftur á móti komið í ljós og aldrei betur en á síðasta ári, þegar þrjár meiriháttar kaupshækkunir eiga sér stað, fyrst 5% snemma á árinu, síðan 7 1/2 % á miðju ári og síðan a.m.k. 15% í árslok, að stöðugar grunnkaupshækkunir, sem eru að nokkru

leyti byggðar á hækkanði verðlagi, að nokkru leyti á kröfunni um vaxandi hluta af þjóðar- tekjunum til þeirra, sem þessar kröfur gera, að þetta skapar slíkan ófrið og óvissu, að mjög erfitt er við að una. Þess vegna tel ég, að ef, ég segi ef og legg á það megináhrif, að ef það tekst að semja til nokkurs tíma, þar á ég við nokkur misseri, um óbreytt grunnkaup, þá sé það vinnandi til að veita þessa verð- tryggingu, svo fremi, eins og ég segi, að grunnkaupið sé látið óbreytt, þannig að ekki sé fyrirsjáanlegt, að strax hefjist óstöðvandi kaupphlaup enn á nú á milli kaupgjalds og verðlags. En ef launþegassamtökin fást til að taka því að semja um óbreytt grunnkaup, þá tel ég, að það sé takandi á atvinnuvegina og eftir atvikum ríkisvaldið sú áhætta að hækka kaupið eftir ákveðnum reigum, sem menn fyrirfram gera sér grein fyrir í samræmi við breytilegt verðlag á næstu misserum. En þetta verður að mínu viti að fara saman. Hitt væri að stefna út í hreina ófæru að ætla nú enn að byrja með að hækka grunnkaup og síðan að fara að ábyrgjast verðgildi algjörlega óraunhæfs grunnkaups, sem ekki á sér stoð í hinu sanna efnahagsástandi, sem við eigum við að búa.

Hér er því um mjög samantengd atriði að ræða. Það má vel vera og verður <sup>vafalaust</sup> svo, að ef þessi verðtrygging er veitt, þá verða einhverjar nýjar byrðar lagðar á atvinnureksturinn. Það getur ~~verið~~ verið að ríkisstjóður á vissum stigum telji hagkvæmara að auka niðurgreiðslur, til þess að halda kaupgjaldsvísitölunni niðri. Um þetta ~~sakli~~ skal ég ekkert segja. Ut því verður þróunin að skera, en það er ~~sakli~~

mikið til þess vinnandi að halda samilegu öryggi um nokkurra missera skeið og þurfa ekki að búa við þvflíka gjörðsamlega óvissu, sem menn hafa nú orðið að hlíta um síðustu tvö, þrjú ár og raunar alveg sérstaklega frá árinu 1962 og í vaxandi mæli á árinu 1963, með hótun um enn á ný um ~~xxx~~ vaxandi vandræði, ef ekki tekst að koma sáttum á eða finna lausn, sem allir eftir atvikum vilji samilega við una.

Eg tel eðlilegt, að leitast yrði við, <sup>einkanlega</sup> í sambandi við slíka verðtryggingu, að láta/þá lægst launuðu, en alla, njóta að nokkru þeirra kauphækkana, sem þegar hefir verið samið um, en það verður að vera í samræmi við greiðsluögetu, í samræmi við vöxt þjóðartekja á undanförnum misserum, þannig að ekki sé þegar í stað efnt til þeirra vandræða, sem fáist ekki í ráðist.

Nú geri ég ráð fyrir því að sjálfsögðu, að ef um þessi efni verður samið við ríkis- og Alþingi stjórnina, þá hefir ríkisstjórnin það eitt í valdi sínu að afnema bannið gegn vísitölubindingu og setja reglur um þessa verðtryggingu með nýjum lögum. Í frjálsum samningum er auðvitað atvinnurekendum heimilt að semja við verkafélög- félagin um hækkað grunnkaup, ef þeir treysta sér til. En þá verður það að vera alveg skýrt, að það kemur ekki til greina, að útgerðarmenn geta ekki vænst meiri uppbóta úr ríkissjóði eða kauplækkunar með löggjöf eða gengislækkun sér til handa, kaupmenn ekki vonast eftir nýjum álagningarreglum eða iðnrekendur fengið að taka vaxandi kostnað inn í sínar afurðir. Að ef atvinnurekendur, þegar þannig stendur á, greysta



sér til þess að taka á sig aukin útgjöld, þá er verða þeir að taka þau á sig, en ekki leggja þau á okkur hin. Þessu höfum við ekki getað fram fylgt um undanfarin ár, það skulum við játa og viðurkenna þann veikleika okkar þjóðfélags, að bæði atvinnurekendur og verkamenn koma til ríkisvaldsins, þegar í óefni er komið og segja, ja nú er það eina ráðið að þú hlaupir undir böggja, því annars er hér um óleysanlega deilu að ræða. Ef að það er ríkið, sem æ ofan í æ á að leysa deilurnar fyrir báða aðila, þá verður það auðvitað að hafa úrslitaráðin, setja kostina, en ekki aðilarnir, sem gefast upp við að leysa vandann. Með þessu held ég því ekki fram, að ríkið eigi ekki að leita saakomulags við aðila. Eg sé það í Þjóðviljanum, að ég er brýndur á því að hafa talað um, að ekki setti Alþingi götunnar að ráða eða óviðkomandi öfl að segja Alþingi fyrir verkum. Vitanlega hefi ég ekki horfið og mun ekki hverfa frá þessari minni skoðun. En alveg eins og það er ríkið, ríkisvaldið, Alþingi og ríkisstjórn og kjósendur, sem eiga að hafa úrslitavöld í þjóðfélaginu, þera ábyrgðina, taka á sig vandann og þá einnig ráða, ef í hart fer hvernig fram úr honum skuli leyst, þá verður auðvitað ríkisstjórn og Alþingi að taka hæfilegt og eðlilegt tillit til allra þeirra mörgu þjóðfélagsafla, sem íslenska þjóðfélagið eins og öll önnur eru samsett af. Og það má vel vera að þessa hafi ekki verið gætt sem skyldi, stundum á undanförunum árum, það tjáðir ekki að mæla að láta ríkisvaldið standa í stöðugum deilum við hin öflugustu almanna-samtök, alveg eins og ekki tjáðir heldur fyrir hin öflugustu almennasamtök að mæla að má sínum

vilja fram í deilum við meirihluta kjósenda, þeirra ótvíraða úrskurð, eins og ómeitanlega hefir komið í ljós alltof mikið hefir komið fram frá því kunnugt var um úrslit síðustu kosninga. En víst væri það okkur öllum til lofsk, ef tækist að skapa í þessu nýja samvinnu og samstarfshætti, þennig að fólkið fengi frið til þess að sinna því, sem meira mála skiptir. Og eitt af því, sem ekki hefir fengist tími til að sinna, en blandast inn í þær viðræður, sem nú eiga sér stað, er möguleikinn á því að stytta vinnutíma og bæta þannig kjör launþega og einkum hinna óbreyttu verkamanna, sem svo eru kallaðir. Það er nógsamlega kunnugt, að vinnutími hér á landi er lengri heldur en í nokkru öðru siðmenntuðu ríki, sem við þekkjum til, og það er áreiðanlega ein af þjóðfélagsumbótum, ef við getum fengið breytingu á þessu. Frambóðarbreyting hlýtur hins vegar að taka töluverðan tíma, þarf undirbúning og aðgerða, sem ekki verða ákveðnar af skyndingu. Eg veit því ekki, hversu langt yrði hægt að ganga í þessu efni nú strax í upphafi. Það mál er út af fyrir sig til athugunar hjá sérstakdri nefnd og nú verið nokkuð á þriðja ár og við erum að ~~skakka~~ reyna að kynna okkur hennar álit og niðurstöður, svo langt sem þær ná. En hér er vissulega um eitt af þeim mestu umbótamálum, ekki aðeins við Íslendingar þurfum að kippa í lag hjá okkur, heldur aðrar þjóðir eru ætíð að læra meira og meira af. Eg las t.d. í dag í ensku blaði frásögn af því, að þar hefði fyrirtæki eitt mikið ekki alls fyrir löngu stýtt vinnutíma hjá sér og komið málefnum sínum í

betra horf. Þeir höfðu áður samið um 42 stunda vinnuviku og höfðu að því að sagt er óhæfilega langan eftirvinnutíma, það var þó ekki nema 7-9 stundir á viku til viðbótar þessum tveimur tímum. Fyrir einu eða tveimur árum var samþykkt að gera á þessu breytingu, að vísu með ærnum stofnakostnaði. Félagið hafði af þessu töluverðan kostnað. En af styttingu vinnutímans og þeim betri vinnubrögðum, sem tókst að koma á, hefir framleiðslan ~~þrjú~~ aukist um 50% hjá þessu félagi. <sup>Og</sup> ~~Þetta~~ það stendur sig aldrei betur eftir en áður. Þetta er lærdómur, sem hvarvetna blasir við og allir þeir, sem ~~þeir~~ eru í þessum efnum játa, að einmitt slíkum umbótum felist mesti möguleikinn til kjarabóta á þessari öld vísinda og tækni.

Nú enn eitt atriði, sem mikið er lagt upp úr af hálfu verkalýðsfélaganna er að koma húsnæðismálalátnakerfinu í betra horf. Þorvaldur Garðar Kristjánsson hefir nýlega gert því efni ítarleg skil í erindi, sem flutt var í Varðarfélaginu, sem var birt í blöðum. Af hálfu Alþýðusambandsins ~~þetta~~ mun nú vera um enn róttækari tillögur að ræða. Það er sjálfsgagt að athuga, hvað í þessum efnum er hægt að gera, því að vitanlega er það rétt, að kostnaðurinn við húsnæði fyrir ungt fólk er ákaflega mikill og það er einmitt eitt af þeim atriðum, sem ýtir mjög undir þessa verðbólguþróun, ~~þetta~~ sem hér á landi hefir ríkt. Til viðbótar þeim hugmyndum, sem Þorvaldur Garðar hefir sett fram, mun af hálfu Alþýðusambandsmanna nú vera talað um framlög úr ríkissjóði og frá bönkum, en auk þess 1/2 % hækkun á fasteignaskatti og launaskatt almennan, sem er sagt að í dag

hafi fram komið 1/2 % á launþega og 1/2 % á vinnuveitanda. Sjálfsagt er slíkur launa-skattur af hálfu Alþýðusambandsins bundinn því skilyrði, að ríkið og banka greiði fyrir lausn mállanna af sinni hálfu og kann hér að vera um all flókið úrlausnarefni að ræða. En víst er það þess virði að kannað sé til hlítar, hvort hægt sé að greiða fyrir samkomulagi með þessum hætti.

Þá vitum við, að margir hafa talað um, að lækka sætti eða afnema fjölskyldubætur hjá fólki með allháar tekjur og bæta því, sem þannig sparaðist ofan á þá, sem lægri tekjurnar hafa. Gallinn er bara sá, að það sparast ótrúlega lítið þó að bæturnar væru teknar af hátekjumönnum, því þeir borga a.m.k. helminginn af því, sem þeir fá í skatta til ríkis og bæja aftur. Svo dæmið er engan veginn jafn auðreiknað og í fljótu bragði virðist. En þó skilst mér, að ýmsir telji það vera nánast óviðeigandi, að ríkið þannig borgi styrk með börnum efnaðra manna, svo þetta er eitt af atriðum, sem sjálfsagt er að athuga til hlítar, hvort það kynni að leiða til lausnar, ef menn vilja finna einhverja lausn. Eg segi enn, ef menn vilja finna einhverja lausn. Við verðum að vera við því búin, að málefnalega verði erfitt að ná samkomulagi um þessi efni. Við verðum að vera efins um það, hversu eindreginn vilji er til þess að ná samkomulagi og ~~þetta~~ þar nota ég orðið eindreginn af ásettu ráði, því ég er viss um, að margir af forustumönnum verkafélshreyfingarinnar, sem eru þó andstaðir okkur í skoðunum, eru áreiðanlega orðnir sannfærðir um, að það sé þeirra málstað og þeirra skjóðastaðingum fyrir bestu, að nú þurfi ekki

að leggja í ný heljarátök, heldur fíast samkomulag, sem skapi verulegar líkur fyrir stöðvun verðbólgunnar. En þessir menn eru mjög sundraðir innbyrðis, e.t.v. ekki varðandi málefnalega skoðun á þessu vandamáli, heldur í innbyrðis flokka og flokkságreiningi, sem alltof langt yfði fyrir mig að rekja að þessu sinni og er í raun og veru önnur saga. Þótt hún hafi einnig áhrif á líkurnar til lausnar að því vandamáli, sem við að þessu sinni fjöllum um. En hér eru ákaflega mörg ljón á vegi. Við hljótum enn að spyrja okkur þessarar spurningar: Er unnt að stöðva verðbólguna. Við getum ekki svarað því. Eg get fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og þingflokks Sjálfstæðismanna og okkar samstarfsflokk einnig, að því ég metla, svarað því hiklaust, að við viljum gera allt, sem í okkar valdi stendur til þess að stöðva verðbólguna. Og við munum einskis láta ófreistað til þess að okkur heppnist sá ásetningur. En til þess að hann megi heppnast, þá verðum við að fá öflugan stuðning okkar flokksmanna, okkar fylgismanna á því, hversu hér liggur mikið við. Það er enginn vafi á því, að þið í fulltrúaráðinu getið haft í þessu ósegjanlega mikil áhrif, með því að skapa það almenningsálit, sem knýji alla aðila til að gera það samkomulag, sem mundi þó þeim sjálfum verða mest til heiðurs, ef takast mætti eftir þeim grundvallarhugsunum, sem ég hér reynt að gera grein fyrir.